

**Greinargerð**  
**vegna útgáfu starfsleyfis**  
**til handa Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf.,**  
**vegna fiskeldis að Vitabraut 7, Reykjanesi**

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Stolt Sea Farm Holdings Iceland ehf. á tímabilinu 28. mars til 23. maí 2012. Tillagan lá frammi á skrifstofu Reykjanesbæjar á sama tíma. Auk opinberrar auglýsingar var tillagan sérstaklega send til umsagnar til Stolt Sea Farm Holdings Iceland ehf., Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, Reykjanesbæjar, Fiskistofu og HS Orku hf.

Engin umsögn barst um tillöguna á auglýsingatíma. Haft var frekara samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um það hvort einhver ástæða væri til að fara nánar yfir fyrirkomulag eftirlits vegna þeirrar sameiningar frárennslis sem gert er ráð fyrir við bunustokk Reykjanesvirkjunar (en virkjunin er starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðisnefnd Suðurnesja) en í svari kom fram að Heilbrigðiseftirlitið sæi það ekki fyrir sér að ástæða væri til þess.

Umhverfisstofnun hefur við útgáfu aðeins gert nokkrar minniháttar breytingar á tillögunni að eigin frumkvæði:

Nánar er nú kveðið á um kröfur vegna nýsettra laga um stjórn vatnamála (grein 1.7), bætt hefur verið við ákvæði sem skýrir ábyrgð gagnvart eftirlitsaðila ef verktaki er fenginn til að annast verk fyrir rekstraraðila (grein 1.1), orðalagsbreytingar gerðar til að skýra frárennslisákvæðin frekar, t.d. vegna sýnatöku (greinar 2.4, 2.8 og 3.2), auk nokkurra annarra lagfæringa á orðalagi þar sem til dæmis er bætt samræmi við orðalag nokkurra laga og reglugerða (til dæmis í greinum 2.5 og 4.8). Einnig var fjarlægt ákvæði sem ekki var talið eiga við starfsemina (hluti greinar 2.10) og auk þess bætt úr augljósum textavillum sem fundust eftir að tillagan var auglýst.